



# Kastrup vinduet

Kastrup var stofnað 1995 og hóf starfsemi sína með einum starfsmanni í framleiðslu á pvc gluggum. Í dag eru starfræktar tvær verksmiðjur og skrifstofur á Vestur Jótlandi með um 200 starfsmenn.

Kastrup er eini gluggaframleiðandinn í Danmörku sem getur boðið upp á glugga og hurðir í öllum hefðbundnum efnisgerðum þ.e. pvc, tré og tré/ál. Hjá Kastrup er lögð rík áhersla á efnisgæðin, öryggi, frumlegar lausnir og fagurfræði.

Til að tryggja hámarksgæði er allt ferlið frá A-Ö, hvort sem um er að ræða vöruþróun, hönnun, efnisval eða framleiðslu og afhendingu í þeirra eigin höndum eða eins Kastrup kýs að kalla það: 100% Made In Denmark



100% Made in Denmark



CE 10 ÁRA  
ÁBYRGÐ

# Kastrup vinduet

Hjá Kastrup er lögð rík áhersla á að hámarka efnisgæði.

**Tréið** í gluggunum frá Kastrup er unnið úr hægvoxandi furu með 90% kjarna-hlutfalli. Hægvoxandi tré hafa mesta styrkinn og því augljóst val fyrir gluggaefni. Furan inniheldur einnig trjákvöðu sem veitir náttúrulega vörn gegn myglu. Til að ná hámarksgæðum er tréið skannað og snyrt þannig að kvistum og sprungum er haldið í lágmarki. Allt tré í gluggum frá Kastrup er unnið úr sjálfbærum skógum.

Ytra byrðið á glugganum þarf að þola mikið álag vegna veðrunar. **Álið** sem Kastrup notar er öflugt og þarfnast lágmarksviðhalds. Þannig er langur líftími glugganna tryggður. Gæði álsins eru háð gæðum duftlökkunarinnar. Hjá Kastrup er aðeins notað hágæða duftlakk sem er viðurkennt fyrir notkun utanhúss.

Hjá Kastrup eru hinir ríku kostir **koltrefjaplasts** í hávegum hafðir. Efnið er sterkt, heldur lögun og hefur einangrunareiginleika í hæsta klassa. Í prófílum úr koltrefjaplasti er ekki þörf á styrkingu úr málm og því er engin kuldabré. Þar að auki er holrými í prófílum sem lágmarkar kuldaleiðni. Hægt er að endurnýta







## PVC gluggar



Viðhaldsfrír gluggar sem svipa til klassískra tréglugga í útliti en með alla kosti koltrefjaplats. Eins og alltaf er öryggið í fyrirrúmi, þar sem gluggarnir afhendast með öflugri fjölpunkta læsingu með hertum læsingaboltum og límdu gleri sem aðeins er hægt að fjarlægja innanfrá.



**NATUR**—Standard stíllinn frá Kastrup  
Fást með tvöföldu eða þreföldu gleri.



**MILJØ** - Ávalir gluggaprófilar. Fást með tvöföldu eða þreföldu gleri.



**Toppeinangrun** með léttu koltrefjaplasi sem hefur mikinn styrk. Hefðbundin aukastyrking úr stáli er því ekki nauðsynleg. Gluggaprófiillinn er byggður upp með loft-rýmum sem leiða ekki kulda.



**Yfirborðsfilma** í lit. Hægt er að fá annan lit með yfirborðsfilmu. Filman er einstaklega sterk og veðurþolin en einnig er hægt að fá gluggana lakk-aða í ýmsum litum.



**Sjálfbær** vara, þar sem afskurðir úr verksmiðjunni og notaðir gluggaprófilar eru endurnýttir við framleiðsluna á nýjum gluggum

# PVC gluggar



Í stað hefðbundins glers er hægt að fá gluggana frá Kastrup með öllum helstu gerðum af gleri, t.d. lamineruðu öryggisgleri, hertu gleri, sólvarnargleri o.fl.




Einangrunargildi allt að  $U_w=0,83 \text{ W/m}^2\text{K}$



Karm/Rammaþykkt: 86mm

Standard karmdýpt	120mm	Póstur, þykkt	60mm
Karmþykkt	42mm	Sprossar, breidd	23mm, 42mm, 52mm
Þéttingar	2, (3 möguleiki)	Sprossi m/glerja, breidd	60mm

# Trégluggar — Fura



Furutrésgluggarnir frá Kastrup eru klassískir trégluggar, dönsk hönnun og hágæða efnisval. Áhersla er lögð á öll mikilvæg smáatriði. Hægt er að fá gluggann tvílitan þ.e. mismunandi lit að innan og utan.



**NATUR**—Standard línan frá Kastrup, fást með tvöföldu eða þreföldu gleri



**MILJØ** - Ávalir gluggaprófilar, fást með tvöföldu eða þreföldu gleri



**Glerlisti** úr lökkuðu áli. Neðri glerlistinn er úr áli í sama RAL lit og glugginn. Þetta er staðlaða útfærslan í trégluggum úr furu.



**Glerlisti** úr tré. Einnig er hægt að fá gluggana með alla glerlista úr tré sem hentar vel fyrir byggingar í gamaldags stíl.



**Þéttingar** sem verja gegn slagregni en einnig er þéttingin í sama lit og glugginn að utan og felur því mismunandi liti að innan- og utanverðu.

# Trégluggar — Fura



Í stað hefðbundins glers er hægt að fá gluggana frá Kastrup með öllum helstu gerðum af gleri, t.d. lamineruðu öryggisgleri, hertu gleri, sólvarnargleri o.fl.



Einangrunargildi allt að  $U_w=0,95 \text{ W/m}^2\text{K}$



Karm/Rammaþykkt: 90mm

Standard karmdýpt	116mm
Möguleg karmdýpt	95,140,160,180mm
Karmþykkt	44mm
Þéttingar	2

Póstur, þykkt	56mm
Sprossar, breidd	24mm, 44mm
Sprossi m/glerja,breidd	58mm, 105mm

# Trégluggar — Harðviður



Harðviðar trégluggarnir frá Kastrup uppfylla kröfur um mikla einangrun án þess að gefa afslátt af fallegri hönnun, gæðum og notagildi. Hægt er að fá þá í tegundinni Mahóní, Eik eða Kebóní. Gluggarnir fást með tvöföldu eða þreföldu gleri. Eingöngu er notaður harðviður sem unninn er á umhverfisvænan hátt.



**NATUR**—Standard línan frá Kastrup, fást með tvöföldu eða þreföldu gleri



**MILJØ** - Ávalir gluggaprófiar að innan, fást með tvöföldu eða þreföldu gleri



**Ál gluggalisti**, hægt er að skipta út trélista fyrir lista úr áli, m.a. í RAL 8016 sem er eikarlitur.



**Kebóní** er umhverfisvænn valkostur í stað suðræns harðviðar. Tréið er barrtré sem með tímanum fær silfraða áferð við veðrun.



**Mahóní og Eik** Mahóní tréið er af tegundinni Sapele sem hefur hátt olíuinnihald, Eikin er evrópsk og mjög álagsþolin.

# Trégluggar — Harðviður



Í stað hefðbundins glers er hægt að fá gluggana frá Kastrup með öllum helstu gerðum af gleri, t.d. lamineruðu öryggisgleri, hertu gleri, sólvarnargleri o.fl.



Einangrunargildi allt að  $U_w=0,98 \text{ W/m}^2\text{K}$



Karm/Rammaþykkt: 90 mm

Standard karmdýpt	116mm
Möguleg karmdýpt	95,140,160,180mm
Karmþykkt	44mm
Þéttingar	2

Póstur, þykkt	56mm
Sprossar, breidd	24mm, 44mm
Sprossi m/glerja, breidd	58mm, 105mm

# Tré/Ál Gluggar



Tré-Ál gluggar í **NATUR** og **MILJØ** línunni sameina fallega danska hönnun og nýjustu tækni í glugga-  
iðnaðinum. Einnig er í boði harðviður, þ.e. Eik,  
Mahóní eða Kebóní í **KULTUR & MILJØ** línunni.  
Gluggarnir eru með tveggja punkta læsingu með  
beygðum læsingaboltum úr hertu stáli og stillan-  
legum öryggislásramma. Þeir eru vottaðir skv.  
PAS24 og veita því aukna innbrotsvörn m.v. hefð-  
bundna glugga.



**NATUR**—Standard línan frá Kastrup,  
fást með tvöföldu eða þreföldu gleri.



**MILJØ** - Ávalir gluggaprófilar, fást með  
tvöföldu eða þreföldu gleri.



**Toppeinangrun** prófillinn í  
karminum er úr koltrefjaplasti,  
sem veitir einstaka einangrun  
án hættu á rakamyndun og  
tryggir því hámarksendingu.




**Grannur prófíll** aðeins  
42mm prófílhæð á gluggum  
með föstum karmi. Full-  
komið fyrir stórar glugga-  
einingar í nútímabyggingum



**Ál gluggalisti**, í  
harðviðnum er hægt að  
skipta út trélista fyrir  
lista úr áli með mögu-  
leika ýmsum litum

# Tré/Ál Gluggar



Í stað hefðbundins glers er hægt að fá gluggana frá Kastrup með öllum helstu gerðum af gleri, t.d. lamineruðu öryggisgleri, hertu gleri, sólvarnargleri o.fl.



Einangrunargildi allt að  $U_w=0,78 \text{ W/m}^2\text{K}$



Karm/Rammabykk: 86mm




**KULTUR**—Harðviður, ál og fura

Standard karmdýpt	120mm	Póstur, þykkt	58mm
Möguleg karmdýpt	140,160,180,200mm	Sprossar, breidd	24mm, 44mm
Karmþykkt	42mm	Sprossi m/glerja, breidd	58mm
Þéttingar	2, (3 möguleiki)		

# INVI

## EINSTÖK HÖNNUN—EINSTAKUR GLUGGI




INVI gluggarnir frá Kastrup eru hannaðir á byltingarkenndan hátt. Glerflöturinn er hámarkaður með einstaklega grönnum stílhreinum álprófil á framhliðinni. Álpróflarnir fást í ýmsum litum og einnig er möguleiki að fá falsinn lakkaðan í lit.



**Handfang**, á opnanlegum INVI gluggum er sérstaklega stílhreint handfang sem fæst með eða án læsingar



**Samræmt útlit**, öll mál eru eins hvort sem er að ræða fasta, opnanlega glugga eða svalahurðir. Þetta tryggir samræmt útlit á öllu húsinu.



Þrjár **Þéttingar** og karmþétting í nót. Ramminn er úr kol-trefjaplasi sem leiðir ekki kulda og því engin hætta á rakamyndun.

# INVI



Gluggarnir koma með þreföldu gleri og eru með eina bestu einangrun sem völ er á. Þeir eru innbrottsvarðir með fjölpunkta læsingu, stillanlegum öryggislásramma, límdu gleri og eru PAS24 vottaðir.

Í stað hefðbundins glers er hægt að fá gluggana frá Kastrup með öllum helstu gerðum af gleri, t.d. lamineruðu öryggisgleri, hertu gleri, sólvarnargleri o.fl.




Einangrunargildi allt að  $U_w=0,76 \text{ W/m}^2\text{K}$




Karm/Rammaþykkt: 56mm

Standard karmdýpt	140mm
Möguleg karmdýpt	160,175mm
Karmþykkt	42mm
Þéttingar	3
Póstur, þykkt	92mm



# INVI Glasfront

## FAGURFRÆÐI ÁN FORDÆMA




**INVI Glasfront** er draumur arkitektsins. Í stað álprófls er allt ytra byrði gluggans úr gleri með lituðum ramma. Gluggarnir koma með þreföldu gleri og eru með eina bestu einangrun sem völ er á. Litinn á glerrammanum er hægt að fá í algengum RAL litum.



**Handfang**, á opnanlegum INVI gluggum er sérstaklega stílhreint handfang sem fæst með eða án læsingar



**Samræmt útlit**, öll mál eru eins hvort sem er að ræða fasta, opnanlega glugga eða svalahurðir. Þetta tryggir samræmt útlit á öllu húsinu.



Þrjár **Þéttingar** og karmþétting í nótt. Ramminn er úr koltrefjaplasti sem leiðir ekki kulda og því engin hætta á rakamyndun.

# INVI Glasfront



Þeir eru innbrottsvarðir með fjölpunkta læsingu, stillanlegum öryggislásramma, límdu gleri og eru PAS24 vottaðir.

Í stað hefðbundins glers er hægt að fá gluggana frá Kastrup með öllum helstu gerðum af gleri, t.d. lamineruðu öryggisgleri, hertu gleri, sólvarnargleri o.fl.




Einangrunargildi allt að  $U_w=0,77 \text{ W/m}^2\text{K}$



Karm/Rammaþykkt: 56mm

Standard karmdýpt	140mm
Möguleg karmdýpt	160,175mm
Karmþykkt	42mm
Þéttingar	3
Póstur, þykkt	92mm



# Svalahurðir

Svalahurðir frá Kastrup fást í miklu úrvali, af sömu gerð og stíl og allar gluggategundir, þ.e. Tré/ál, INVI, tré eða PVC. Hurðirnar afhendast með gripstýrðri bremsu og öflugri fjölpunkta læsingu ásamt öryggislásramma. Tré/Ál hurðirnar eru einnig PAS24 vottaðar.



INVI, Tré/Ál og PVC, standard **42 mm** þröskuldur úr tré og koltrefjaplasti. Áhlíf á slitfleti.



Tré svalahurðir, **44 mm** þröskuldur úr tré. Þröskuldur úr furu er með hlíf úr áli.



# Svalahurðir

Standard þröskuldar eru 42/44mm á hæð en einnig er val um aðrar gerðir, þ.e. 25mm eða 15mm hæð.



Millihæð, **25 mm** þröskuldur úr áli er viðbótar möguleiki fyrir allar gerðir nema INVI. Þessi gerð er þó standard fyrir harðviðartré.



Extra lágur **15 mm** þröskuldur úr áli og koltrefjaplasti, er möguleg viðbót fyrir allar gerðir.



# Útihurðir

Útihurðirnar frá Kastrup fást sem fleka- eða rammahurðir í miklu úrvali í mörgum litum og úfærslum. Hurðirnar afhendast með öryggislásramma, öflugri fjölpunkta læsingu, með 20mm læsingakrókum úr hertu stáli. Hurðirnar fást sem tré/ál, úr pvc eða gegnheilum harðvið.



**Tré/Ál Flekahurð**

## ALUFRONT

Allt ytra byrði úr áli.

Samræmist útliti glugga úr Natur og INVI línunni.

**Einstök lausn sem er aðeins í boði frá Kastrup**



**Tré/Ál Rammahurð**

Ál að utan og tré að innan. Í stað fyllinga úr gleri er hægt að fá fyllingar með áli að utan og tré að innan. Samræmist útliti glugga úr Natur línunni.



**PVC Rammahurð**

Í stað fyllinga úr gleri er hægt að fá fyllingar úr pvc og áli. Samræmist útliti glugga úr Natur línunni.

Karmdýpt	120mm	Karmdýpt	120mm	Karmdýpt	120mm
Möguleg karmdýpt	140,160,180 mm	Möguleg karmdýpt	140,160,180 mm	Möguleg karmdýpt	140,160,180 mm
		Ytri rammabykkt	129/148mm	Ytri rammabykkt	131mm
		Sprossi milli glerja, þykkt	56mm	Sprossi milli glerja, þykkt	60mm

# Útihurðir



**Handfang og Sílander** fylgir alltaf með í kaupunum



**Öflugur þriggja punkta lás** er staðalbúnaður við kaup á hurð frá Kastrup



**Skellilás með 3-punkta læsingu.** Í stað þess að lyfta handfanginu til að læsa hurðinni er hægt að fá hurðina útbúna með skellilás.



**Takkalás eða fingrafaraskanni** með þráðlausri stýringu fyrir rafmagnslæsingu.



**Útskurður-** Hægt er að fá hurðirnar með sporum sem eru 12mm á breidd og 2,2mm að dýpt, einnig má fá "V" laga spor sem eru 5mm breið og 1,2mm djúp



**Samræmt útlit glugga og hurða-** Rammahurðirnar samræmast "Natur" stílnum en einnig er val um stílinn "Miljø"

# Rammahurðir



SLÉTT



FYLLING OG GLER



LYBY



KREJBJERG



DOMMERBY



VADUM



BALLING



MEÐ FYLLINGUM



MEÐ "SPROSSUM"

# Flekahurðir



KUALA LUMPUR



LONDON



SHANGHAI



AMSTERDAM



LISSABON



MADRID



CARACAS



NEW DELHI



STANDLEY

# Útihurðir—Þröskuldar



25mm þröskuldur úr áli er standard útfærslan fyrir allar útihurðir



Í boði er einnig lágur 15mm þröskuldur fyrir auðveldara aðgengi. Þessa lausn er hægt að fá fyrir tré/ál og Alufront hurðir.



43mm þröskuldur úr harðvið í Mahóní eða Eik er hægt að bæta við allar flekahurðir



# Útihurðir—Handföng



Standard: TOKYO

Ál



STOCKHOLM

Ál




VERONA

Úr ryðfríu stáli eða áli




VITÓRIA

Úr ryðfríu stáli eða áli



E5012 með 45°

Standard lengd 100cm



E5110

Standard lengd 30cm





# Rennihurðir

Rennihurðirnar frá Kastrup sameina flotta hönnun og notagildi. Hin viðamikla reynsla í stórum sem smáum verkefnum hefur gert það að verkum að Kastrup leggur línuna á markaðinum hvað varðar nýsköpun og snjallar lausnir í rennihurðum.



# Rennihurðir



## Tré/Ál Natur

Söluhæstu rennihurðirnar frá Kastrup. Samræmist einnig INVI línunni, þar sem ramminn er einstaklega nettur



## Tré/Ál Kultur

Einstakir gluggar kalla á einstaka rennihurð. Kultur línan í rennihurðum



## Tré natur

Samræmast trégluggum úr Furu eða harðvið

Rennihurðirnar frá Kastrup fást með tvöföldu eða þreföldu gleri

Stöðluð karmdýpt	140mm
Möguleg karmdýpt	160mm
Karm-/Rammaþykkt	114mm
Rammaþykkt	74mm
Póstur, þykkt	94mm/103mm
Þéttingar	2
Sprossar, breidd	24mm,44mm
Sprossar milli glerja, breidd	58mm
Hámarks breidd	5000mm
Hámarks hæð	2500mm
Handfang að innanverðu er standard	
Viðbætur	
Sílander að innanverðu	Handfang að utanverðu
Nótfræsing	Sílander að utanverðu
	Skálargrip

# Rennihurðir



Auðveld opnun og lokun. Ramminn rennur mjúkt á slitsterkum hjólum úr ryðfríu stáli.



Hágæða kvistlaust tré. Duftlakkað ál. Umhverfsvottaður harðviður



Þéttleiki í sérklassa með 3-punkta læsikerfi.



Þaulhugsuð hönnun þar sem glerlistinn er í flútti við karminn.



Standardlausnin er handfang að innanverðu, einnig má bæta því við að utanverðu ásamt sílinder sem er staðsettur 20cm fyrir neðan handfangið



Stærra ljósop  
Með 86mm ramma og 65mm karmprófilum er fókusinn á að fá sem stærstan glerflöt.

# Rennihurðir— Botnstykki



24mm botnstykki úr furu hlíft með áli er standard útfærslan fyrir allar rennihurðir



Sem viðbót má einnig velja 24mm botnstykki úr eik í stað furu



Annar möguleiki er 44mm botnstykki úr furu en einnig mahóní eða eik



Fyrir auka stöðugleika má einnig bæta við viðbótar 26mm hækkun undir hurðina

# Litaúrval

## FIJI Álitir

Standard litirnir frá Kastrup,  
Sérstaklega álagsþolnir með  
hrjúfri áferð sem minnkar  
líkur á óhreinindum

RAL 9010 Fiji | Hvid

RAL 7035 Fiji | Lysegrá

RAL 7031 Fiji | Blágrá

RAL 7016 Fiji | Antrazitgrá

RAL 9005 Fiji | Sort

RAL 8016 Fiji | Mahognibrun

RAL 6009 Fiji | Grangrøn

## MATTIR ÁI-litir

Einnig má fá standard  
úrval af möttum RAL  
litum með gljástig 30

Svenskrød  
NCS S 4545 - Y80R

RAL 9010 Mat | Hvid

RAL 9001 Mat | Cremehvid

RAL 7035 Mat | Lysegrá

RAL 7042 Mat | Trafík Grá A

RAL 7031 Mat | Blágrá

RAL 7016 Mat | Antrazitgrá

RAL 7021 Mat | Sortgrá

RAL 7022 Mat | Umbragrá

RAL 9005 Mat | Sort

RAL 8016 Mat | Mahognibrun

RAL 6005 Mat | Mosgrøn

RAL 6009 Mat | Grangrøn




**RAL litir** sem ekki eru hluti  
af standard litunum eru  
einnig í boði.

## SABLÉ litir

Rústík ÁI litir með granít  
ásýnd. Þessir litir eru  
örlítið dýrari en standard  
litirnir.

# Litaúrval





# UM OKKUR

Strúktúr ehf er fyrirtæki í innflutningi á CLT timbur-einingahúsum, gluggum og hurðum, utan-hússklæðningum, límtré-, stálgrindarhúsum og yleiningum. Við bjóðum líka dúka utan á hús

og smíðatimbur, Lerki og margt fl. Við getum séð um alla teikningavinnu sé þess óskað. Að baki Strúktúr býr áratuga reynsla. Fyrirtækið er rekið með hámarks hagkvæmni í huga með hagsmuni

viðskiptavina að leiðarljósi. Eigendur eru Ingólfur Á. Sigþórsson og fjölskylda.

Stefna fyrirtækisins er að bjóða vörur sem standast íslenskt veðurfar og uppfylla alla staðla og gæðakröfur sem kaupandinn gerir.

Strúktúr velur sér samstarfsaðila af kostgæfni hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda birgja.



**Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin**

